



Minnisblað til félagsmálaráðherra um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti og nauðungarsölu

Markmið: „Að gera tillögur um breytingar á lögum nr. 21/1991 og 90/1991 með það fyrir augum að auka tækifæri fyrir skuldara til þess að vinna sig út úr greiðsluvandræðum og skapa honum og fjölskyldu hans skjól innan ramma laganna takist það ekki.“

Gjaldþrotalög nr. 21/1991

Lög nr. 21/1991 fjalla um greiðslustöðvun, nauðasamninga og gjaldþrot.

Greiðslustöðvun hefur eftirfarandi tilgang skv. 10.gr. laganna: „Skuldari, sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum og vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda, sem hann hefur ráðið í því skyni, getur leitað heimildar til greiðslustöðvunar.“

Með nauðasamningum er átt við skv. 27.gr. laganna: „Með nauðasamningi er í lögum þessum átt við samning um greiðslu skulda eða eftirgjöf af skuldum sem kemst á milli skuldarans og áskilins meiri hluta lánardrottna hans og hlýtur síðan staðfestingu fyrir dómi. Nauðasamningur, sem þannig er gerður, bindur einnig aðra lánardrottna skuldarans eftir því sem nánar er mælt hér fyrir.“ Nauðasamninga er hægt að leita í kjölfar greiðslustöðvunar og einnig eftir að úrskurður um gjaldþrot hefur verið kveðinn upp og allt fram til þess að frumvarp til úthlutunar upp í kröfur liggur fyrir.

Gjaldþrotaskipti eru síðan það úrræði sem kröfuhafar hafa og sem skuldara er raunar skylt að beita séu engin líkindi til þess að endurskipuleggja megi fjármál eða leita samninga nauðungarlækkun og/eða niðurfellingu skulda.

Ofangreind úrræði eru fyrst og fremst kröfuhafamiðuð. Hugmyndin á bak við þau tvö fyrri er að tryggja kröfuhafa eins stóran hlut krafna og mögulegt er, samhliða því að skuldari haldi forræði á búi sínu. Telji kröfuhafar að slíkar tilraunir muni ekki muni bera árangur tekur gjaldþrotaskiptaferli við.

Gerðar hafa verið tillögur um nýjan kafla í lögin og fjallar hann um greiðsluaðlögun eða skuldaðlögun sem fjallar um útvíkkaða nauðasamninga á forsendum skuldara. Óvíst er um afdrif þeirra tillagna eða hversu langt þær muni ganga til þess að ráða við greiðslubyrði veðtryggða lána.

Í eftirfarandi tillögum er einungis fjallað um breytingar á þeim hluta laga 21/1991 sem fjalla um gjaldþrotaskipti.

Tillögur um breytingar á l. 21/1991

Við 69.gr. laganna bætist ný 2. mgr., svohljóðandi:

„Samhliða áritun um ákvörðun um þinghald skal héraðsdómari skipa skuldara utan atvinnurekstrar sérstakan réttargæslumann sem veita skal skuldara leiðbeiningu og aðstoð þar til frumvarp að úthlutun til úthlutunar liggur fyrir. Aðstoðin skal m.a. beinast að því hvort komast megi hjá gjaldþroti og hvort hagsmunum skuldara og kröfuhafa verði betur borgið með nauðasamningi. Kostnaður aðstoðarmanns skv. úrskurði héraðsdómara greiðist úr ríkissjóði. Öllum tilkynningum sem beina skal skv. lögum þessum til skuldara skal jafnframt beint til réttargæslumanns hans.“

Yfirgnæfandi meirihluta allra einstaklinga sem beðið er um gjaldþrot hjá njóta enngar leiðbeiningar annarrar en þeirra sem héraðsdómara er skylt að veita og eiga hvorki rétt á né hafa greiðslugetu til þess að útvega sér réttaraðstoð. Tillögu þessari er ætlað að tryggja þeim slíka aðstoð með það fyrir augum að fullkannað verði hvort koma megi í veg fyrir gjaldþrot m.a. með því að beina skuldara í nauðasamninga. Ákvæðið er bundið skv. orðanna hljóðan við skuldara utan atvinnurekstrar. Með skuldara utan atvinnurekstrar í skilningi þessa ákvæðis er átt við einstakling sem ekki er í atvinnurekstri á þeim tímapunkti þegar krafist er gjaldþrotaskipta og skuldir eru að meirihluta til eru tengdar atvinnurekstri sem hann stundaði áður en krafa um gjaldþrotaskipti var tekin til meðferðar skv. 1.gr. 69.gr.

3.mgr. 70.gr. breytist og hljóði svo:

„Ef skuldarinn sækir þing og lánardrottinn sem krefst gjaldþrotaskipta á búi hans, má héraðsdómari verða við sameiginlegri ósk þeirra um að fresta meðferð kröfunnar þótt mótmæli hafi ekki komið fram gegn henni. Slíka fresti má ekki veita til lengri tíma en samtals eins mánaðar nema í hlut eigi einstaklingur utan atvinnurekstrar og getur frestur þá, að teknu tilliti til félagslegrar og fjölskyldulegrar stöðu skuldara, lengstur orðið sex mánuðir.“

Á þessum tímapunkti hefur skuldara utan atvinnurekstrar verið skipaður réttargæslumaður skv. 2.mgr. 69.gr. Nauðsynlegt er að kveða á um lengri frest en einn mánuð til þess að skuldara og réttargæslumanni gefist tækifæri til þess að leita úrræða sem komið geta í veg fyrir gjaldþrot eða dregið úr neikvæðum afleiðingum þess.

Við 87.gr. laganna bætist ný mgr., svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heldur þrotamaður í allt að 12 mánuði frá uppkvaðningu gjaldþrotauúrskurðar, afnotum af hæfilegu íbúðarhúsnæði í eigu búsins enda sé það notað í þágu hans og fjölskyldu hans. Fyrir afnotin komi eðlilegt endurgjald skv. ákvörðun héraðsdómara og gengur það til greiðslu þeirra veðkrafna sem greiðsla fæst á af andvirði eignarinnar við ráðstöfun hennar eða nauðungarsölu sbr. 111.gr.“

Skv. meginreglu 87.gr. eins og hún er fyrir breytingar, skal svipta skuldara umráðum eigna sinna og koma þeim í verð svo fljótt sem verða má. Ákvæðinu er ætlað að draga úr neikvæðum afleiðingum gjaldþrots á fjölskyldu þrotamanns á þann hátt að henni verði ætlaður rúmur tími til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Með meira svigrúmi eru líkur á því að minni röskun verði á skólagöngu og félagstengslum barna vegna bráðra flutninga og fjölskyldunni almennt veitt meira svigrúm til þess að vinna úr því áfalli sem gjaldþroti og eignamissi fylgir óhjákvæmilega.

2.mgr. 165.gr. breytist og hljóði svo:

„Einstaklingur sem verður gjaldþrota, ~~þrotamaðurinn~~ ber ekki ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin. Ef kröfu hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu hennar slitið gagnvart ~~öðrum þrotamönnum þrotamanninum~~ og byrjar nýr fyrningarfræstur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið, ef krafan var viðurkennd, en ella á þeim degi sem kröfunni var lýst.“

Eins og fram kemur í greinargerð með 165.gr. laga 21/1991 þá er gildandi ákvæði í reynd aðeins virkt gagnvart þeim einstaklingum sem verða gjaldþrota því lögaðilar ljúka tilvist sinni við gjaldþrot. Með þessum hætti hallar mjög á einstaklinga í greiðsluvandræðum. Auk hvetur ákvæðið eins og það stendur kröfuhafa til þess að krefjast persónuábyrgða vegna rekstrarskulda lögaðila þegar betur færi að fé væri lánað vegna mats á greiðslugetu lögaðilans. Jafnframt hvetur ákvæðið eins og það er til óeðlilegra félagsstofnana og kennitöluflakks. Ákvæðið er brýnt vegna mikillar skuldsetningar vegna kaupa á íbúðarhúsnæði á undanförunum árum. Líklegt er að stór hópur einstaklinga sem tók bæði gengistryggð og verðtryggð lán verði gjaldþrota á næstu mánuðum og misserum.

Lög um nauðungarsölu nr. 90/1991

Komin er löng reynsla á lög um nauðungarsölu og framkvæmd þeirra. Gerðar eru tillögur um minniháttar breytingar sem ætlað er að hvetja til þess að fasteignir verði seldar nauðungarsölu á almennum markaði og þess að freistað með þeim hætti að hámarka verðmæti þeirra. Jafnframt eru sett viðmið um innheimtukostnað af gjaldfelldum veðkröfum og skapað svigrúm til þess að fresta afhendingu seldrar fasteignar.

Tillögur um breytingar á l. 90/1991

2.mgr. 21.gr. breytist og hljóði svo:

„Ef gerðarþoli mætir eða einhver fyrir hans hönd kynnir sýslumaður honum framlögð gögn og veitir nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans og kröfu gerðarbeiðanda á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglerðum málsaðila. Sýslumaður skal leiðbeina gerðarþola sérstaklega um þann möguleika að fasteign verði seld nauðungarsölu á almennum markaði. Gerðarþola er skylt að segja satt og rétt frá öllu sem sýslumaður krefur hann svara um og skiptir máli um framgang nauðungarsölnnar.“

4.mgr. 50.gr. breytist og hljóði svo:

„Nú hefur kröfu verið lýst um greiðslu af söluverðinu eða hún kemur fram í beiðni um nauðungarsölu og sýnt er að hún fáist greidd að nokkru eða öllu, og skal þá sýslumaður leggja mat á það af sjálfsdáðum við gerð frumvarps með hverri fjárhæð og hvar í réttindaröð krafan verði viðurkennd að lögum á grundvelli framkominna gagna. Ef krafa er fyrnd eða hefur glatað réttarvernd að einhverju marki skal sýslumaður færa niður fjárhæð hennar í frumvarpi sem því nemur af sjálfsdáðum. Ef kröfu hefur ekki verið lýst fyrr en eftir þann tíma sem segir í 1. mgr. 49. gr. verður ekki úthlutað af söluverðinu til greiðslu málskostnaðar eða annars innheimtukostnaðar af henni. Þó kröfu hafi réttilega verið lýst er sýslumanni óheimilt að taka til greina innheimtukostnað kröfuhafa sem reiknast af gjaldfelldri fjárhæð skuldar.“

Stærstur hluti þeirra skulda sem innheimtar eru með nauðungaruppboði á fasteign eru lán sem tekin hafa verið til langs tíma. Við greiðslufall eða vegna fullnustukrafna annarra kröfuhafa eru slíkra langtímaskuldir gjaldfelldar. Ákvæði þeirra viðskiptabréfa sem í hlut eiga koma ekki í veg fyrir að takmörk séu sett hvernig útreikningi innheimtkostnaðar skuli háttað. Um getur verið að ræða háar fjárhæðir.

Dæmi: Höfuðstóll veðskuldar er að eftirstöðvum 40.000.000.- Ógreiddar og gjaldfallnar afborganir eru 1.200.000.- Innheimtukostnaður skv. hefðbundinni gjaldskrá lögmanns vegna innheimtu af á 1.200.000.- eru kr. 109.850. – auk virðisaukaskatts meðan kostnaður af innheimtu 40.000.000.- eru kr. 1.347.250.- auk virðisaukaskatts. Til viðbótar báðum kröfum reiknast milli 6 og 7 þúsund krónur án virðisaukaskatts fyrir hvert bréf og hvert þinghald hjá sýslumanni auk útlagðs kostnaðar eftir því sem við á. Ljóst er að verulegir hagsmunir skuldara eru fólgnir í því að takmörk verði sett á ofangreinda gjaldtöku. Sérstaklega þegar haft er í huga að skuldari hefur lítil ef nokkur úrræði til þess að verja sig gegn óhóflegum innheimtukostnaði fyrr en eftir að fasteign hefur þegar verið seld nauðungarsölu.

1.mgr. 55.gr. breytist og hljóði svo:

Ef ekki er mælt fyrir um á annan veg í uppboðsskilmálum nýtur kaupandinn réttar til umráða yfir eigninni frá því boð hans er samþykkt. Í uppboðsskilmálum skal þó mælt fyrir um að uppboðspoli haldi í allt að 12 mánuði frá samþykki boðs kaupanda, afnotum af seldu íbúðarhúsnæði enda sé það notað í þágu hans og fjölskyldu hans og sé af hæfilegri stærð fyrir þau not. Fyrir afnotin komi eðlilegt endurgjald skv. ákvörðun sýslumanns og gengur það til uppboðskaupanda. Ef ekki er mælt fyrir um á annan veg í uppboðsskilmálum nýtur kaupandinn réttar til umráða yfir eigninni frá því boð hans er samþykkt.

Skv. meginreglu 55.gr. eins og hún er fyrir breytingar, skal svipta uppboðspola afnotum og umráðum seldrar fasteignar þegar við samþykki boðs. Ákvæðinu er ætlað að draga úr neikvæðum afleiðingum nauðungaruppboðs á íbúðarhúsnæði á fjölskyldu þrotamanns þ.a. að henni verði ætlaður rúmur tími til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Með meira svigrúmi eru líkur á því að minni röskun verði á skólaggöngu og félagstengslum barna vegna bráðra flutninga og fjölskyldunni almennt veitt meira svigrúm til þess að vinna úr því áfalli sem nauðungaruppboði á slíku húsnæði fylgir óhjákvæmilega.

9.1 2009

Magnús M. Norðdahl